

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2020 –Fundargerð

Haldinn á Hilton Nordica, Reykjavík 4. júní 2020 kl. 17:15

Ólafur H. Jónsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Sigríði Ómarsdóttur, skrifstofustjóra Almenna lífeyrissjóðsins, sem fundarritara. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkt sjóðsins vera boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 14. maí sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 19. maí 2020.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2019 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Fundarstjór lagði til eftirfarandi breytingar á auglýstri dagskrá. Lagt var til að 5 liður kosning stjórnar væri tekin til afgreiðslu á undan tillögum um breytingar á samþykktum, dagskrárlíður 4.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrárlíð 1-3. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillögurnar.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins.

1 Skýrsla stjórnar

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar

Ræðu Ólafs má í heild sinni finna á vefnum www.almenni.is.

Ólafur tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári en árið 2019 var eitt besta ár fyrir fjárfesta frá upphafi. Góð ávöxtun var á innlendum og erlendum mörkuðum á árinu. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins nutu góðs af hagstæðri þróun á mörkuðum og skiluðu ágætri ávöxtun. Ævisafn I hækkaði mest eða um 17,6% sem jafngildir um 14,5% raunávöxtun. Innlánasafnið hækkaði minnst eða um 4,3% sem þýðir 1,6% raunávöxtun.

Ólafur gerði grein fyrir því að í dag eru liðnir 85 dagar síðan stjórn lífeyrissjóðsins undirritaði og gekk frá ársreikningi sjóðsins fyrir síðasta ár. Í skýrslu stjórnar var ein málsgrein um COVID-19 sjúkdóminn en á þeim tíma var erfitt að átta sig á áhrifum hans á heimshagkerfið. Sjóðurinn brást hratt við í upphafi COVID faraldursins. Fyrstu viðbrögð voru að tryggja að sjóðurinn gæti veitt lágmarkspjónustu og greitt lífeyri ef veikindi kæmu upp á vinnustaðnum og allir starfsmenn yrðu sendir heim. Síðar meir var skrifstofunni lokað og starfsfólki skipt í tvo hópa

sem unnu viku í senn á skrifstofu og heima. Stjórn sjóðsins fylgdist vel með og fundaði vikulega með stjórnendum á fjarfundum. Þrátt fyrir lokun skrifstofunnar gekk vel að veita þjónustu og upplýsa sjóðfélaga með símtölum, netspjalli og tölvupóstsamskiptum.

Ólafur gerði grein fyrir því að í nóvember síðastliðnum var lagt fram til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði. Frumvarpið var hluti af loforðum stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, svokallaða lífskjarasamninga. Stefnt var að því að afgreiða frumvarpið hratt og að það tæki gildi 1. janúar 2020.

Meðal helstu breytinga sem lagðar voru til var að skylduiðgjald í lífeyrissjóð myndi hækka úr 12% í 15,5% af launum, lágmarksréttindaávinnsla fyrir elli- og örorkulífeyri myndi hækka úr 1,4% á ári í 1,8% og að lögfest yrði ný tegund séreignar, svokölluð tilgreind séreign, með þrengri útborgunar- og fjárfestingarheimildir en hefðbundinn séreignarsparnaður. Samhliða breytingu á lögum um lífeyrissjóði voru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar þess efnis að séreign, sem myndast af lágmarksiðgjaldi önnur en tilgreind séreign, muni í framtíðinni skerða greiðslur almannatrygginga auk þess að teljast til tekna vegna innheimtu dvalartekna aldraðra.

Tilgangurinn með þessari breytingu er að jafna áhrif lágmarksiðgjalds gagnvart almannatryggingum eða að sama iðgjald hafi áhrif á lífeyrisgreiðslur almannatrygginga. Almenni lífeyrissjóðurinn skilaði inn umsögn um frumvarpið í ellefu liðum. Margar athugasemdir bárust við frumvarpið og svo fór að það var aldrei lagt fram. Málinu er hins vegar ekki lokið en við vitum að það er þrýstingur af hálfu samningsaðila á almennum vinnumarkaði á að allir greiði sambærilegt skylduiðgjald í lífeyrissjóð og um jöfn áhrif iðgjalds gagnvart almannatryggingum.

Þá vék Ólafur að lánveitingum til sjóðfélaga en sjóðurinn býður býður virkum sjóðfélögum að taka lán til langs tíma gegn veði í fasteign. Á árinu voru veitt samtals 546 ný lán til sjóðfélaga fyrir 14,7 milljarða sem er hæsta fjárhæð sem sjóðurinn hefur lánað á einu ári. Á árinu nam fjárhæð uppgreiddra eldri lána 6,1 milljarði sem er það mesta sem hefur verið greitt upp á einu ári. Nettó útlán á árinu námu því 8,6 milljörðum sem er mesta aukning á lánum til sjóðfélaga á einu ári. Samtals voru útistandandi lán að fjárhæð 38,9 milljarðar í árslok.

Ólafur gerði grein fyrir því að fagtímaritið Investment & Pensions Europe (IPE) valdi Almenna lífeyrissjóðinn besta lífeyrissjóð í Evrópu árið 2019 í löndum með færri íbúa en eina milljón. Þetta var í nítjándra sinn sem þessi árlegu verðlaun eru veitt og í þriðja sinn sem sjóðurinn hlýtur þau.

Ólafur gerði grein fyrir því að stjórn lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til og nú í COVID faraldrinum bættust við reglulegir fjarfundir. Ólafur þakkaði meðstjórnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili formanns og Sigríðar Magnúsdóttur í stjórn auk Helgu Jónsdóttur varamanns.

Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina

2 Ársreikningur 2019 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Ársskýrsluna og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum www.almenni.is.

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 40 ma.kr. á árinu eða um 17%, úr 229 ma.kr. í 269 ma.kr. í lok síðasta árs.
- Séreignarsjóður stækkaði um 18% og námu eignir hans 141 ma.kr. í lok árs 2019. Samtryggingarsjóður stækkaði um 17% og námu eignir hans 127,8 ma.kr. í lok árs 2019.
- Heildariðgjöld námu 15,7 ma.kr. sem skiptust þannig að viðbótariðgjöld námu 4,3 ma.kr. og lágmarksiðgjöld námu 11,4 ma.kr.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu 2,4 ma.kr. og jukust um 16% milli ára. Hlutfall ellilífeyris a heildargreiðslum er 81%.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 3,3 ma.kr. sem er svipuð fjárhæð og í fyrra.
- Rekstrarkostnaður nam 754 m.kr. og var 6% hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Gunnar fór yfir rekstrarkostnað í samanburði við aðra sjóði en samkvæmt því er kostnaðarhlutfall Almenna með því lægsta meðal íslenskra lífeyrissjóða.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingafræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. af Vigfúsi Ásgeirssyni og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Við úttektina var byggt á sérhæfðum dánarlíkum fyrir Almenna lífeyrissjóðinn sem eru byggðar á reynslu árána 2014-2018. Niðurstaða úttektarinnar er að áfallnar skuldbindingar eru 5,3% hærri en eignir, að núvirði framtíðariðgjalda er 0,72% lægra en verðmæti framtíðarskuldbindinga. Heildarstaða er neikvæð um 6,0%. Aukning skuldbindinga hjá sjóðnum hefur aukist verulega á síðustu árum vegna leningar á væntri meðalævi.

Að lokum þakkaði Gunnar stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu. Gunnar þakkaði einnig starfsfólki sjóðsins fyrir vel unnin störf á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina.

3 Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins **Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir 2020 sem var samþykkt undir lok árs 2019.

Sjóðfélagar geta valið um sjö ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldabréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingastefnu.

Kristjana vék að ávöxtun ársins 2019 en raunávöxtun eignasafna Almenna lífeyrissjóðsins var á bilinu 1,6% til 14,5 en nafnávöxtun var á bilinu 4,3% til 17,6%. Raunávöxtun eignasafnanna síðustu 5 ár er á bilinu 1,9% til 5,4%. Farið var yfir nafnávöxtun eignaflokka fyrir árið 2019 ásamt greiningu innlendra skuldabréfa sjóðsins en 40% af eigninni er í ríkisskuldabréfum og 32% í sjóðfélagalánunum. Farið var yfir atvinnuvegaskiptingu á innlendri hlutabréfaeign sjóðsins en sjóðurinn á samtals í um 40 félögum. Að lokum var farið yfir skiptingu á erlenda safninu en stærstur hluti safnsins er í skráðum hlutabréfum eða 77%.

Kristjana fór yfir fjárfestingaumhverfið og þróun á verðkennitölum á innlenda hlutabréfamarkaðinum frá árinu 2012. Að lokum vakti Kristjana athygli á því að á heimasíðu sjóðsins væri að finna daglegt gengi fyrir öll söfn sjóðsins.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til atkvæðagreiðslu. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum atkvæðum.

5 Kosning stjórnar

Á ársfundinum skal kjósa tvo aðalman og einn varamann í stjórn til þriggja ára.

Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinna stjórnarmanna:

Aðalmenn:

Ólafur H. Jónsson

Sigríður Magnúsdóttir

Varamaður:

Helga Jónsdóttur

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út þann 28.05.2020.

Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn

Áslaug Elín Grétarsdóttir, lögfræðingur

Elvar Steinn Þorkelsson, viðskiptafræðingur

Hulda Sigurbjörnsdóttir, löggiltur endurskoðandi

Magnús Bjarnason, viðskiptafræðingur

Oddgeir Ottesen, hagfræðingur

Ólafur H. Jónsson, byggingatækni-fræðingur

Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt

Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig fyrir fundargestum.

Á meðan talning atkvæða fór fram voru teknar fyrir tillögur um samþykktarbreytingar.

4 Tillaga um breytingar á samþykktum

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri.

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum. Um óverulegar breytingar er að ræða og voru tillögurnar birtar á heimasíðu sjóðsins. Um er að ræða breytingar á eftirfarandi greinum.

Greinar:

- 4.2 Orðalagsbreyting. Einstaklingur í staðinn fyrir maður
- 5.1 Orðalagsbreyting. Hlutlaus kynjaskipting í stað þess að tala um karla og konur
- 7.2 Nákvæmari lýsing á boðun ársfundar
- 11.3 Orðalagsbreyting um flutning á inneign milli ávöxtunarleiða til að koma í veg fyrir misskilning
- 18.1 og 18.3 Orðalagsbreyting um tímamark andláts. Hluti af grein er flutt í 18.1 þar sem orðalagið á betur heima
- 26.3 Heimild til að senda yfirlit með rafrænum hætti um leið og lagaheimild leyfir

Umræður og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri lagði til að atkvæðagreiðsla vegna samþykktarbreytinga færi fram með handauppréttingu. Fundurinn samþykkti tillöguna.

Athugasemd var gerð við breytingartillögu á grein 18.3 þar sem óljóst þótti hvenær réttur félli niður en upphafleg breytingartillaga var eftirfarandi, í stað dauðadags komi til þess mánaðar sem sjóðfélagi fellur frá. Fundarstjóri lagði til eftirfarandi breytingu til og með þeim mánuði sem sjóðfélagi fellur frá. Breytingartillagan var samþykkt.

Framlagaðr breytingartillögur voru samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Kosning stjórnar framhald

Niðurstöður kosninga í aðalstjórn eru eftirfarandi:

Ólafur H. Jónsson	24,3% atkvæða
Sigríður Magnúsdóttir	22,7% atkvæða
Magnús Bjarnason	18,0% atkvæða
Áslaug Elín Grétarsdóttir	16,1% atkvæða
Hulda Sigurbjörnsdóttir	11,8% atkvæða
Oddgeir Otteseninnsson	6,1% atkvæða
Elvar Steinn Þorkelsson	0,9% atkvæða

Ólafur og Sigríður eru því kjörnir til næstu þriggja ára í aðalstjórn sjóðsins.

Kosning varamanna. Kjósa skal einn varamann til þriggja ára.

Eftirfarandi framboð komu fram á fundinum:

Helga Jónsdóttir, viðskiptafræðingur
Hulda Sigurbjörnsdóttir, löggiltur endurskoðandi
Áslaug Elín Grétarsdóttir, lögfræðingur

Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig.

Niðurstöður kosninga í varastjórn eru eftirfarandi.

Helga Jónsdóttir	50,8% atkvæða
Áslaug Elín Grétarsdóttir	30,9% atkvæða
Hulda Sigurbjörnsdóttir	18,3% atkvæða

Helga Jónsdóttir er kjörin til 3ja ára.

Þá var komið að 6. lið á dagskrá sem er kosning endurskoðenda.

6 Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að Ernst & Young ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Ernst & Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2020.

7 Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar, kynnti tillögu um stjórnarlaun fyrir árið 2020-2021.

- Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns hækka úr 150 þúsund krónum í 175 þúsund krónur á mánuði.
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.
- Stjórnarmaður sem stóðst hæfismat FME á undanfögnu starfsári fær auk þess 2 mánaðarlaun almenns stjórnarmanns.
- Laun varamanns fyrir setinn fund hækka úr 95 þúsund krónum í 110 þúsund krónur.
- Laun varamaðnns fyrir setinn fund sem aðalmaður verða 175 þúsund krónur.
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til mánaðarluna stjórnarmanns.

Fundarritari bauð upp á umræður um þessa tillögur. Engin tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

8 Önnur mál.

Ingvar Baldvinsson kom í pontu og tók til máls lagði til að sjóðurinn tæki upp netkosningu ásamt því kosning aðalmanna og varamanna væru gerðar í sömu atkvæðagreiðslu og að sá einstaklingur sem ekki næði kosningu hlyti kosningu sem varamaður.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Formaður tók til orðs, þakkaði fyrir kosningu og sleit fundi.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 19:48.

Ólafur H. Jónsson
Sigríður Ómarsdóttir